


1. kafli

- Ingibjör, dóttir Ingigerðar og Ísa giftist Ara, syni Þorkels Sýrdæls.
- Ingibjörg átti þræl sem hét Kolur og hann átti sverð sem hét Grásíða. Sá sem barðist með Grásíðu vann alltaf sigur.
- Björn hinn blakki sem var mikill berserkur skorar Ara á hólm og segist eigna sér konu Ara og fé ef hann vinni hólmgönguna.



1. kafli



- Björn og Ari berjast og Ari fellur.
- Björn ætlaði þá að eiga Ingibjörgu en Gísli, bróðir Ara vildi ekki láta svo góða konu úr ætt ganga og skoraði Björn á hólm.
- Ingibjörg ráðlagði Gísla að fá sverðið Grásíðu að láni hjá þrælnum Koli.




1. kafli

- Þrællinn lánaði sverðið með semingi og Gísli vann Björn.
- Kolur vildi sverðið sitt aftur en Gísli vildi kaupa það af Koli.
- Kolur réðist þá á Gísla og veitti honum mikinn áverka en áður en Gísli dó náði han að höggva til Kols með Grásíðu þannig að Kolur féll og sverðið brotnaði.




2. kafli



- Nú voru Ari og Gísli báðir dánir og þá var Þorbjörn bróðir þeirra einn eftir.
- Hann giftist Þóru og eignuðust þau fjögur börn: Þórdísi, Gísla, Þorkel og Ara. Þau bjuggu öll í Súrnadal (í Noregi).
- Ara var komið í fóstur til frænda síns en hin systkinin ólust upp hjá foreldrum sínum.



2. kafli



- Bárður og Kolbjörn voru ungir menn sem bjuggu í Súrnadal.
- Talið var að Bárður fíflaði Þórdísi en Þorbjörn var talinn í þingum við Þórdísi.
- Þorbirni, föður Þórdísar, líkaði þetta illa og manaði syni sína til að hefna sín á Bárði og Kolbirni.




2. kafli

- Bárður og Þorkell, bróðir Þórdísa, voru vinir þannig að honum líkaði vel að Bárður væri með systur hans.
- Eitt sinn fóru bræðurnir Gísli og Þorkell ásamt Bárði í ferð og í þeirri ferð drap Gísli Bárð.
- Þorkell varð æfur og eftir þetta varð aldrei jafnblítt með þeim bræðrum.



2. kafli




- Þorkell fluttist til Skeggja frænda Bárðar og hvatti hann til að biðja um hönd Þórdísar systur sinnar.
- Skeggi fékk ekki leyfi til að giftast Þórdísi en hann hélt að það væri vegna sambands hennar við Kolbjörn.
- Skeggi skoraði því Kolbjörn á hólm.




2. kafli

- Þegar kom að hólmgöngunni þorði Kolbjörn ekki að fara út í eyna Söxu að berjast við Skeggja en Gísli mætti fyrir Kolbjörn og hjó fótinn undan Skeggja.



3. kafli

- Synir Skeggja hétu Einar og Árni og þeir fóru til Kolbjarnar og buðu honum að velja hvort þeir dræpu hann eða að hann færi með þeim til Þorkels og barna hans og brenndu þau inni.
- Kolbjörn var gunga eins og kom fram hér á undan og valdi að fara að brenna fjölskyldu Þorbjarnar inni.



3. kafli

- Sextíu manna lið fór heim til Þorbjarnar til að brenna hann inni ásamt fjölskyldu sinni.
- Þau náðu að slökkva eldinn í þrígang með því að bleyta hafurstökur í sýru og á meðan brutu þau gat á vegg í skálanum og komust út og fylgdu reyknunum til fjalla.



3. kafli

- Gísli safnaði nú liði og fór með tólf manna lið heim til Kolbjarnar og brenndi hann inni.
- Næst fóru Gísli og Þorkell að hitta syni Skeggja. Þeir börðust við þá og drap Gísli þrjá menn en Þorkell tvo.
- Eftir þetta leitaði Gísli Hólmgöngu-Skeggja uppi og hjó af honum höfuðið.




4. kafli

- Eftir að hafa hefnt sín fyrir brunann fóru öll fjölskylda Gísla með skipi til Íslands.
- Þeir settust að í Dýrafirði á Vestfjörðum en þar bjuggu fyrir Þorkell Eiríksson og Þorkell auði.
- Þorbjörn keypti jörð, Sæból í Haukadal, og Gísli reisti þar bæ.
- Eftir að Þorbjörn og synir vörðust með sýrunni fengu þeir viðurnefnið súr.




4. kafli

- Bjartmar og Þuríður voru hjón sem bjuggu í Arnarfirði. Börn þeirra voru Hildur, Helgi, Sigurður og Vestgeir.
- Hildur giftist manni sem hét Vésteinn og þau eignuðust Auði og Véstein.
- Auður giftist Gísla Súrssyni.
- Vésteinn kvæntist Gunnhildi og eignuðust þau synina Berg og Helga.



4. kafli

- Þegar Þorbjörn og Þóra andast taka Þorkell og Gísli við búi foreldra sinna.



Gísla saga

5. kafli



- Þorkell giftist Ásgerði Þorbjarnardóttur.
- Gísli giftist Auði Vésteinsdóttur.
- Gísli og Þorkell fóru með Þorkatli auðga á Þórsnesping og hittu Þorstein þorskabít.
- Þorsteinn var faðir Þorgríms, Þórdísar og Barkar digra.



Gísla saga

5. kafli




- Þorsteinn bauð Þorkatli auðga og Súrssonum heim eftir þingið og leystu þá út með gjöfum.
- Næsta vor hitta Súrssynir Þorstein þorskabít og syni hans á Hvolseyrarþingi.
- Súrssynir buðu Þorsteini heim eftir þing.



Gísla saga

5. kafli

- Þar hittir Þorgrímur, sonur Þorsteins, Þórdísi systur Gísla og Þorkels og líst vel á hana.
- Þórdís er þá föstnuð Þorgrími og fær hann Sæból með henni. Gísli hafði byggt Sæból þegar fjölskyldan flutti til Íslands.



Gísla saga


5. kafli

- Gísli og Þorkell byggðu sér nýjan bæ sem hét Hóll af því að þeir höfðu gefið Sæból með systur sinni.
- Þorgrímur, Gísli og Þorkell urðu góðir vinir og Þorgrímur, sem var goði, studdi vel bræðurna Gísla og Þorkel.
- Félagarnir þrír ásamt Vésteini fóru allir saman á vorþing.



Gísla saga

5. kafli



Fyrir giftingu Þórdísar:

- Þorkell og Ásgerður
 - Gísli og Auður
 - Þórdís
- Sæból


Eftir giftingu Þórdísar:

- Þórdís og Þorgrímur
 - Gísli og Auður
 - Þorkell og Ásgerður
- Sæból
- Hóll



Gísla saga

6. kafli




- Gestur Oddleifsson var í búð Þorkels auðga á þinginu.
- Sýrdælir (Gísli, Þorkell, Þorgrímur, Vésteinn) sátu að drykkju á meðan menn þinguðu.
- Þá kemur Arnór í búð Sýrdæla og segir fólk ræða það að þeir skuli sitja að drykkju þegar aðrir vinna að þingstörfum.



Gísli saga

6. kafli

- Gísli vill bregðast við þessu og þeir fara út til að athuga hvort þeir geti hjálpað.
- Þorkell auðgi sagði að þeir yrðu látnir vita ef þeirra yrði þörf.
- Þingmenn veittu því athygli hve glæsilegir Sýrdælir voru.



Gísla saga

6. kafli




- Porkell auðgi spurði Gest Oddleifsson hve lengi hann teldi kapp þeirra Haukdæla (Gísli, Porkell, Þorgrímur, Vésteinn) og yfirgang vera svo mikinn.
- Gestur: "Eigi munu þeir allir samþykkir hið þriðja sumar er þar eru nú í þeim flokki."



Gísla saga

6. kafli



- Arnór heyrir þetta og enn einu sinni segir hann frá.
- Gísli lætur í ljós ótta sinn um að Gestur muni sannspár.
- Hann stingur upp á því að þeir sverjist í fóstbræðralag til að forðast það að spádómurinn rætist.



Gísla saga

6. kafli

Stofnun fóstbræðralags:


- Rist upp löng torfa.
- Mála spjót sett undir torfuna þannig að menn geti staðið undir henni.
- Hópurinn tekur um geirnagla spjótsins.
- Allir vekja sér blóð og hræra saman mold og blóði.
- Öll goðin nefnd til vitnis og þeir sem eru að ganga í fóstbræðralag heita því að hefna hvers annars sem um bræður væri að ræða.
- Fóstbræðralagið innsiglað með handabandi.



Gísla saga


6. kafli

- Þegar kom að því að takast í hendur kippti Þorgrímur að sér hendinni og vildi ekki tengjast Vésteini því þeir voru ekki skyldir.
- Gísli vildi þá ekki tengjast þeim manni sem ekki vildi tengjast Vésteini.
- Gísli við Þorkel: "Nú fór sem mig grunaði og mun þetta fyrir ekki koma sem nú er að gert: get ég og að auðna ráði nú um þetta."



Gísla saga

6. kafli



Tengsl:

- Gísli og Þorkell (bræður)
- Gísli og Vésteinn (fóstbræður)
- Þorkell og Vésteinn (fóstbræður)
- Þorkell og Þorgrímur (fóstbræður)



Gísla saga

7. kafli



- Þorgrímur kaupir timbur af Austmönnum Þóri og Þórarni.
- Þóroddur, sonur Þorgríms, er sendur til að sækja timbrið.
- Hann er ekki ánægður með vöruna og er drepinn.
- Þorgrímur fréttir það og drepur bæði Þóri og Þórarin.




Gísla saga

7. kafli

- Þorgrímur eignar sér skip Austmannanna og hann og Þorkell búa skip og fara til Noregs.
- Sama sumar fara Gísli og Vésteinn á skipi til Noregs.
- Þorgrímur og Þorkell ná til Noregs og gerast menn konungs.
- Gísli og Vésteinn lentu í brotsjó þannig að skipið brotnaði í spón. Þeir náðu þó til Noregs og héldu fé sínu og mönnum.



8. kafli




- Eftir að skip Gísla og Vésteins hafði brotnað í spón keyptu þeir hálf skip af manni sem hét Skegg-Bjálfi.
- Þeir sigldu til Danmerkur með Skegg-Bjálfa.
- Þeir urðu allir þrír góðir vinir en um vorið fór Bjálfi til Íslands.



8. kafli

- Vésteinn átti féлага sem hét Sigurður og bjó á Englandi.
- Sigurður boðaði Véstein til sín því hann vildi slíta félagi við hann.
- Vésteinn bar þetta undir Gísla. Hann samþykkti að Vésteinn færi en lét hann lofa að hann færi aldrei af Íslandi án hans leyfis eftir að hann kæmi til baka.



8. kafli

- Eftir þetta smíðaði Gísli pening sem hann tók í tvennt. Hann lét Véstein hafa annan helminginn en hélt hinum sjálfur.
- Gísli sagði að þennan pening mundu þeir senda á milli ef líf annars þeirra lægi við. Mér segir svo hugur að við munum þurfa að sendast á milli þó að við hittumst eigi sjálfir.



8. kafli

- Eftir þetta fóru Gísli og Bjálfi til Noregs og þaðan til Íslands um sumarið en Vésteinn fór til Englands.
- Við heimkomuna skildu þeir Gísli og Bjálfi og Bjálfi keypti hálf skip af Gísla.
- Gísli fór til Dýrafjarðar.



9. kafli

- Sama dag og Gísli kemur í Dýrafjörð koma þeir Þorkell og Þorgrímur til Dýrafjarðar.
- Nú fór hver heim til sín og fram kemur að Þorkell hafi verið ofláti mikill og hafi ekki unnið fyrir búi þeirra Gísla en Gísli hafi unnið nótt og dag.



9. kafli




- Einn daginn var Gísli og allir hans menn að vinna heyverk en Þorkell bróðir hans var eini karlmaðurinn sem var heima.
- Eftir að hafa borðað morgunverð lagðist Þorkell niður í eldhúsinu en inn af eldhúsinu var dyngja Auðar og Ásgerðar.



9. kafli

- Auður og Ásgerður voru að sauma og þegar Þorkell vaknaði gekk hann í átt að dyngju þeirra.
- Þá heyrði hann Ásgerði konu sín segja:
"Veittu mér það að þú sker mér skyrtu, Auður, Þorkatli bónda mínum."




9. kafli



- Auður svaraði: "Það kann ég eigi betur en þú," sagði Auður, "og myndir þú eigi mig til biðja ef þú skyldir skera Vésteini bróður mínum skyrtna."
- Ásgerður sagði þá: "Eitt er það sér, og svo mun mér þykja nokkra stund."
- Auður sagðist hafa vitað um áhuga Ásgerðar á Vésteini .




9. kafli



- Ásgerður reynir að beina talinu að því að Auður hafi verið hrifin af Þorgrími en Auður bendir á að það hafi verið áður en hún giftist Gísla.
- Þetta samtal heyrði Þorkell og líkaði það mjög illa. Hann fór með vísu sem konurnar heyrðu.



9. kafli



- Auður mælti: Oft stendur illt af kvenna hjali og má það vera að hér hljótist af í verra lagi og leitum okkur ráðs.



9. kafli




- Auður og Ásgerður ræddu þá hvernig þær gætu brugðist við þeim vandræðum sem þær hefðu stofnað til.
- Auður ætlaði að segja Gísla satt og rétt frá og biðja Gísla um góð ráð.
- Ásgerður ætlaði að segja að þetta væri allt saman lygi.




9. kafli



- Þegar Gísli kemur af engjum tekur hann eftir því að Þorkell er mjög þungur og Þorkell getur ekki matast heldur fer snemma í rúmið.
- Þegar Ásgerður ætlar í rúmið ætlar Þorkell ekki að hleypa henni upp í en hún hótar að skilja við hann og hirða heimanmund sinn. Þorkell hleypir henni þá upp í.



9. kafli




- Þegar Gísli og Auður koma í rúmið segir Auður Gísla allt og biður hann að reiðast ekki. Hún spyr hann líka ráða.
- Gísli segist engin ráð kunna en hann segist ekki kenna Auði um þetta: Því mæla verður einhver skapanna málum og það mun fram koma sem auðið verður.




10. kafli

- Þorkell tekur Gísla tali og segist vilja skipta búi þeirra. Hann sagðist vilja flytja til Þorgríms og Þórdísar og búa þar.
- Gísl var ekki sammála þessu: "Saman er bræðra eign best að líta og að sjá."
- Þorkell segist samt vilja skipta búinu og bendir á að Gísl vinni það sem vinna þarf en hann sjálfur geri lítið sem ekkert.



10. kafli




- Skiptin urðu þannig að:
 1. Gísli fékk jörðina Hól og ambáttina Guðríði.
 2. Þorkell fékk lausafé og þrælinn Geirmund.
- Gísli sat eftir á Hóli og "sakna einskis í að nú sé búið verra en áður."




10. kafli

- Gísli og Auður → Hóll
 - Þorkell og Ásgerður
 - Þórdís og Þorgrímur
- Sæból




10. kafli

- Á þessum tíma var það venja að menn héldu veislur og veturnáttablót. Gísli lét af blótum þegar hún var í Vébjörgum í Danmörku en hann vildi halda veislur. Hann býður höfðingjum til veislu.
- Þegar allt var tilbúið lýsti Auður því yfir að hún saknaði þess að hafa ekki bróður sinn í veislunni en Gísli sagðist ekki vilja hann í veisluna.




11. kafli



- Þorgrímur og Þorkell héldu veislu á Sæbóli.
- Þeir buðu Þorgrími nef til veislunnar en hann var seiðskratti hinn mesti.
- Þorgrímur, Þorkell og Þorgrímur nef ganga til smiðju í veislunni og loka þar að sér.




11. kafli



- Nú eru Grásíðubrotin tekin fram en þau hafði Þorkell fengið þegar þeir bræður skiptu búi sínu.
- Þorgrímur býr til spjót úr sverðinu Grásíðu. Þorgrímur nef er hafður með í ráðum til þess að spjótið haldi sömu náttúru og sverðið hafði haft.




11. kafli



- Önundur úr Meðaldal kom í boðið til Gísla og tók hann á eintal. Hann sagði honum að Vésteinn væri kominn til landsins.
- Gísli sendir strax húskafla sína Hallvarð og Hávarð á móti Vésteini til að stoppa hann af. Þeir fara með peninginn sem Gísli smíðaði í Danmörku.



11. kafli




- Hallvarður og Hávarður róa til Lækjaróss og fá lánaða góða hesta á Bessastöðum.
- Þegar þeir koma að Mosvöllum þá ríður Vésteinn undir melinn en Hallvarður og Hávarður ríða yfir melinn og farast þeir á mis.




12. kafli

- Vésteinn ríður fram á húskarla í Holti sem börðust með ljáum sínum. Honum tekst að sætta þá þannig að báðir eru ánægðir.
- Þegar Hallvarður og Hávarður koma undir Hest fréttu þeir af ferðum Vésteins.
- Þeir snúa við og ríða þar til hestarnir springa en þá sjá þeir til ferða Vésteins og kalla til hans.



12. kafli




- Vésteinn beið þeirra á Gemlufallsheiði og þeir bera upp erindið og færa honum peninginn.
- Vésteinn segist hefði snúið við ef hann hefði ekki verið kominn svona langt.
"Nú falla vötn öll til Dýrafjarðar"
- Vésteinn segir þeim að sigla til Gísla og segja honum að hann sé á leiðinni.




12. kafli

- Vésteinn heldur áfram til Gísla og er varaður þrisvar við á leiðinni.
- Lúta frændkona hans sem lét ferja hann yfir fjörðinn: "vertu var um þig; þurfa muntu þess."
- Þorvaldur gneisti frá Þingeyri sem lánaði Vésteini hest og vildi fylgja honum alla leið: "Margt hefur skipast í Haukadal og vertu var um þig."




12. kafli

- Vésteinn ríður fram hjá Sæbóli og þar eru Geirmundur og Rannveig að setja inn naut. Rannveig var í fjósinu en Vésteinn hittir Geirmund: "Kom þú ekki hér á Sæból og far til Gísla og ver var um þig."




12. kafli

- Þegar Rannveig kemur út úr fjósinu þykist hún þekkja Véstein en Geirmundur þrætir fyrir að þetta hafi verið hann.
- Þorgrímur spyr hvort þau hafi orðið einhvers var og þá nefnir Rannveig Véstein en Geirmundur segir að það hafi verið húskarl Önundur úr Meðaldal í kápu Gísla, með söðulreiði Önundar og með fiskistöng í hendi.



12. kafli

- Þorgrímur veit að annað þeirra lýgur og sendir Rannveigu yfir á Hól til að kanna hvort Vésteinn er kominn.
- Rannveig spyr til skiptis eftir Auði og Guðríði en gat ekki fundið upp neitt erindi þannig að hún fór heim aftur nokkru heimskari en áður og gat ekki sagt nein tíðindi



12. kafli




- Morguninn eftir lætur Vésteinn sækja tvær töskur sem Hallvarður og Hávarður höfðu flutt með sér. Upp úr töskunum tekur hann:
 1. Refill sextugan að lengd.
 2. Höfuðdúk tuttugu álna langan og ofinn gulli.
 3. Mundlaugar þrjár, fáðar með gulli.



12. kafli

- Þessar gjafir áttu Auður, Gísli og Þorkell, ef hann vildi þiggja, að fá.
- Gísli fer yfir á Sæból til að leyfa Þorkeli bróður sínum að velja það sem hann vill af gjöfunum.
- Þorkell: Þó værir þú maklegur þó að þú eignaðist alla og vil ég eigi þiggja gripina; eigi eru launin sýnni en svo."



13. kafli




- Nú lætur Gísli illa í svefni tvær nætur í röð og þegar menn spyrja hann hvað hann dreymi vill hann ekki segja draumana.
- Þriðju nóttina kemur bylur á húsið og allir karlmenn fara út til að bjarga heyjum og öðru lauslegu. Vésteinn ætlar líka út en Gísli bannar honum það.



13. kafli

- Húsið er farið að leka og systkinin Gísli og Auður færa rekkjur sínar saman til að forðast lekann. Þau voru þá ein eftir þar inni.
- Nú er gengið inn nokkru fyrir lýsing, hljóðlega, og þangað að sem Vésteinn hvílir. Hann var þá vaknaður. Eigi finnur hann fyrr en hann er lagður spjóti fyrir brjóstið svo að stóð í gegnum hann.



13. kafli




- Síðustu orð Vésteins voru: "Hneit þar"
- Vésteinn reynir að standa upp en dettur dauður á gólfið.
- Auður skipar Þórði huglausa að taka spjótið úr sárinu en hann þorir ekki.
- Það var þá mælt að sá væri skyldur að hefna er vopni kippti úr sári.




13. kafli

- Gísli kemur þar að og skipar Þórði að láta spjótið vera, tekur spjótið, setur það í örk og lætur engan sjá.
- Gísli lætur svo búa um líkið eins og venja var.
- Gísli sendir Guðríði yfir á Sæból til að athuga hvað menn hafa þar fyrir stafni.



13. kafli



- Þegar Guðríður kemur á Sæból þá eru allir komnir á fætur og eru hljóðir.
- Þorgrímar tveir og Þorkell sitja með vopnum.
- Þorgrímur spyr tíðinda og þegar Guðríður segir frá vígi Vésteins svarar Þorgrímur: "Tíðindi myndi oss það hafa þótt eina stund."



13. kafli



- Þorgrímur biður Guðríði að færa Gísla þau skilaboð að þeir vilji sjá um að heygja Véstein og votta honum þannig virðingu sína.
- Þegar Gísli heyrir að á Sæbóli hafi menn setið í fullum herklæðum og sumir með vopnum segir hann: "Slíks var von."



14. kafli



- Þegar Vésteinn var heygður gekk Þorgrímur að Gísla og sagði: "Það er tíska að binda mönnum helskó til að ganga á til Valhallar." Því næst batt hann skó á Véstein og sagði: "Eigi kann ég helskó að binda ef þessir losna."
- Efir þetta tala Gísli og Þorkell saman og Þorkell spyr hvernig Auður hafi það.




14. kafli

- Gísli segir Þorkeli frá draumum sínum síðustu nætur en hann hafði ekki viljað segja draumana fyrr af ótta við að þeir rættust. Hann gaf í skyn að þeir segðu til þess sem vígið vann.
- Fyrri nóttina dreymdi hann að höggormur kæmi af tilteknum bæ og hyggi Véstein til bana en seinni nóttina dreymdi hann að vargur kæmi af sama bæ og vargur sem biti Véstein til bana.



14. kafli



- Þorkell spurði aftur hvernig Auður brygðist við bróðurdauðanum.
- Gísli svaraði honum að henni þætti mikið en léti ekki mikið á því bera.
- Þorkell stingur upp á því að þeir taki upp leika og bæti samband sitt.




14. kafli

- Gísli samþykkir að taka upp leika en segir að þá verði Þorkell að heita því að ef hann lendi einhvern tímann í sömu sporum og Gísli stendur í á þessari stundu þá verði hann að bregðast við eins og hann biður Gísla að bregðast við.
- Þorkell samþykkir það og drekka menn nú erfi eftir Véstein.




15. kafli

- Nú hefjast leikarnir sem Þorkell hafði stofnað til. Gísli og Þorgrímur takast oftast á og þræta menn um það hvor þeirra er sterkari.
- Þorkell hvetur Gísla bróður sinn til að taka betur á ef hann er sterkari en Þorgrímur. ..."ég ynni þér allvel að þú fengir sem mesta virðing af ef þú ert sterkari."



15. kafli

- Nú tekur Gísli ærlega á í leiknum og ræður Þorgrímur ekki við hann en Gísli fellir Þorgrím og knötturinn berst út af vellinum.
- Gísli ætlar að ná knettinum en Þorgrímur heldur honum. Gísli fellir Þorgrím þá svo harkalega að kjötið fór bæði af hnjám Þorgríms og hnúum og blóð stökk úr nösunum.



15. kafli

- Þorgrímur lítur þá til haugs Vésteins og fer með vísu þess efnis að hann harmi ekki dauða Vésteins.
- Gísli kastar þá knettinum á milli herðablaðanna á Þorgrími þannig að hann dettur fram fyrir sig. Gísli fer með vísu og segist ekki harma það að knötturinn hafi lent milli herðablaðanna á Þorgrími.




15. kafli

- Þorkell stoppar nú leikinn og segir nú vera ljóst hver sé sterkastur. Leikarnir leggjast af eftir þetta.
- Nú eru undirbúnaðar veislur bæði á Sæbóli og á Hóli.
- Þegar Þorgrímur og Þorkell eru að undirbúa veisluna sína þá saknar Þorgrímur þess að þeir skuli ekki hafa reflana sem Vésteinn ætlaði að gefa Þorkelli.



15. kafli

- Þorkell segist ekki vilja senda eftir reflunum en Þorgrímur skipar Geirmundi að sækja þá og Þorkell lætur það gott heita.
- Geirmundur segist ekki vilja fara en þá slær Þorgrímur hann buffeitt mikið og mælir: "Far þú þá ef þér þykir nú betra."
- Geirmundur segist nú fara en hann ætlar að launa Þorgrími löðrunginn.



15. kafli




- Þegar Geirmundur kemur yfir að Hóli eru Gísli og Auður að setja upp reflana. Auður vill ekki lána reflana en Gísli spyr hvað Þorkeli hafi fundist um að fá þá. Þegar Geirmundur segir að Þorkell hafi ekki mótmælt því að hann færi og fengi þá lánaða ákveður Gísli að lána reflana að Sæbóli.




15. kafli

- Gísli fylgir Geirmundi áleiðis heim og biður hann um að gera sér þann greiða að taka allar lokur frá hurðum um kvöldið.
- Geirmundur spyr hvort Þorkeli stafi hættu af því en þegar Gísli neitar því samþykkir Geirmundur að hafa allar hurðir ólæstar.




15. kafli

- Þegar Geirmundur kemur með reflana segir Þorkell: "Ólíkur er Gísli öðrum mönnum í þolinmæði og hefur hann betur en vér."
- Þorgrímur segir: "Þessa þurfum vér nú."
- Um kvöldið koma gestirnir og veðrið versnar.




16. kafli

- Börkur og Eyjólfur koma um kvöldið til Þorgríms og Þorkels ásamt 60 mönnum.
- Fimmtíu menn koma í veislu Gísla.
- Þegar menn eru farnir að sofa biður Gísli að loka á eftir sér og opna fyrir sér þegar hann komi aftur því hann ætli að gefa hesti Þorkels auðga.



16. kafli

- Gísli fer í bláa kápu utan yfir nærklæðin og tekur Grásíðu úr örkinni. Hann fylgir slóð niður að læknum, veður lækinn í átt að Hóli og fylgir slóðinni frá læknum heim að Hóli.
- Gísli þekkir öll Sæból mjög vel því hann byggði bæinn.



16. kafli

- Gísli fer inn í fjósið, bindur saman halanda kúnum og bindur hurðina rækilega aftur.
- Því næst fer hann inn í skálann þar sem menn sofa. Hann tekur sef af gólfinu og kastar í eitt af þremur ljósum sem loga í skálanum. Því næst slekkur hann annað ljós á sama hátt.
- Geirmundur slekkur þriðja ljósið.




16. kafli

- Þá gengur Gísli að lokrekkju Þórdísar og Þorgríms og þreifar fyrir sér til að átta sig á því hvar Þorgrímur hvílir.
- Því næst stingur Gísli Þorgrím í gegn með Grásíðu.
- Þórdís vekur alla í skálanum og Gísli hleypur út sömu leið og hann kom.




16. kafli

- Þegar menn vakna á Sæbóli eru þeir hálfdrukkarnir frá því kvöldinu áður og geta því illa skipulagt sig.



17. kafli

- Eyjólfur reynir að koma skipulagi á leitina að veganda Þorgríms.
- Mennt bjuggu um lík Þorgríms.
- 60 menn fóru yfir að Hóli til að segja Gísla frá viginu og Þórður huglausi varð fyrstur var við mannaferðir og lét Gísla vita.



17. kafli

- Þorkell sér skó Gísla alsnjóuga og sparkar þeim undir rúmgaflinn hjá Gísla þannig að aðrir sjái þá ekki.
- Hópurinn gengur að rúmi Gísla og Gísli fagnar þeim.
- Þegar Gísla er sagt frá viginu segir hann: **"Skammt er þá milli illra verka og stórra."**




17. kafli

- Gísli býðst til að heygja Þorgrím og votta honum þannig virðingu sína.
- Þegar Þorgrímur var heygður kastaði Gísli stóru bjargi í skipið sem hann var heygður í og sagði: "Eigi kann ég skip að festa ef þetta tekur veður upp."
- Gísli fer fram á að nú verði teknir upp leikar á ný og Þorkell samþykkir það.



18. kafli

- Erfi er drukkið eftir Þorgrím.
- Börkur, bróðir Þorgríms, borgar Þorgrími nef fyrir að fremja seið sem verður til þess að þeim manni sem drap Þorgrím verði ekki hjálpað jafnvel þótt menn vilji hjálpa honum.
- Börkur giftist Þordísi, fyrrverandi mágkonu sinni.



18. kafli

- Þórdís fæðri soninn Þorgrím, son hennar og Þorgríms, en hann fékk síðar nafnið Snorri goði.
- Leikar fóru fram og Þorsteinn, systursonur Þorgríms nefs var með Gísla í liði en Þorkell og Börkur voru saman í liði.
- Móðir Þorsteins og systir Þorgríms nefs hét Auðbjörg.




18. kafli

- Þorsteinn var mjög sterkur leikmaður og eitt sinn þegar Börkur ræður ekki við hann brýtur hann knatttré Þorsteins í bræði en Þorsteinn fellir hann.
- Gísli hvetur Þorstein til að halda áfram og skiptir á knatttréi við hann.
- Gísli sest niður og lagar knatttré Þorsteins og þegar hann lítur á haug Þorgríms fer hann með vísu sem Þórdís heyrir og hún ræður hana strax.



18. kafli

- Það voru margir áhorfendur á leiknum og þar á meðal voru tveir menn, Þorgeir og Bergur.
- Þeir þræta um það, Þorsteinn og Bergur hvor hafi haft betur í leiknum Börkur eða Þorsteinn. Bergur hélt með Berki.
- Bergur slær Þorstein en Þorgeir gengur á milli.




18. kafli

- Þegar Þorsteinn kemur heim segir hann móður sinni frá viðureign sinni við Berg.
- Auðbjörg, móðir Þorsteins, bindur um sár hans en getur ekki sofið um nóttina.
- Henni er mjög órótt og fer út, gengur rangsælis kringum húsið og þefar í allar áttir.
- Við þetta breyttist veðrið og snjóskiða fellur á bæ Bergs með þeim afleiðingum að 12 menn deyja.




19. kafli

- Þorsteinn leitar á náðir Gísla sem kemur honum úr landi.
- Börkur fer og finnur Auðbjörgu og lætur grýta hana til bana.
- Gísli fer þá og finnur Þorgrím nef og fer með hann út í Saltnes og grýtir hann og hendir honum hjá systur sinni.




19. kafli

- Börkur býst til Þórsnesspings.
- Hann er ósáttur að hafa misst bróður sinn án þess að hafa náð fram hefndum.
- Hann ætlar að sækja fé sitt og Þorkell ætlar með honum.
- Þórdís fylgir Berki áleiðis og áður en þau skilja segist Börkur vilja vita því hún hafi verið svo döpur eftir að leikar lögðust af um haustið.



19. kafli

- Þegar þau eru komin að haugi Þorgríms vill Þórdís ekki fara lengra en segir Berki frá vísunni sem Gísli fór með við haug Þorgríms.
- Börkur verður ævareiður og ætlar fyrst að snúa við og drepa Gísla en hættir við og virðist ekki vita hvort mark sé takandi á Þórdísi: "og eru oft köld kvenna ráð."



19. kafli



- Börkur og Þorkell ríða áleiðis en þegar þeir æja við Sandós segist Þorkell þurfa að tala við Önund vin sinn.
- Þorkell ríður frá Berki og þegar hann er kominn úr augsýn fer hann á Hól til Gísla og segir honum að nú sé Þórdís, systir þeirra búin að segja til hans.



19. kafli

- Gísli verður vonsvikinn og segist oft hafa hætt lífi sínu fyrir hana en nú hafi hún gefið honum dauðaráð.
- Gísli spyr Þorkel hvers hann geti vænst af honum.
- Þorkell segist munu vara Gísli við en annað ekki.
- Gísli bendir Þorkeli á að hann hljóti að hafa vænst þess að Gísli hefndi Vésteins.



19. kafli

- Þegar kemur að stefnudögum fer Börkur með 40 menn að stefna Gísla til Þórsnesspings.
- Þorkell var með Berki ásamt Saka-Steini og Þóroddi.
- Þorkell þóttist þurfa að innheimta skuld á bæ einum og fékk þar lánaðan hest og reið til Gísla til að segja honum tíðindin.




20. kafli

- Börkur býr mál til Þórsnesspings.
- Gísli selur Þorkeli Eiríkssyni landið sitt.
- Gísli spyr Þorkel bróður sinn hvaða hjálp hann veiti honum. Þorkell segist ætla að bera honum njósn en ekkert annað.
- Þorkell snýr aftur til Barkar og þeir halda áleiðis til Gísla.



20. kafli

- Gísli nær sér í tvo hesta og heldur burt með eigur sínar ásamt Þórði huglausa, þræl sínum.
- Gísli gefur Þórði huglausa kápuna sína og segir það vera laun fyrir hollustu hans.
- Gísli býður Þórði líka að sitja á sleðanum en segist sjálfur teyma hestana og klæðast kufli Þórðar.



20. kafli

- Gísli ráðleggur Þórði að svara ekki ef einhverjir kalli til hans og ef einhverjir ætli að gera honum eitthvað eigi hann að hlaupa þegjandi til skógar.
- Þórður situr mjög hreykinn á sleðanum, mjög ánægður með þessa ráðstöfun Gísla.



20. kafli



- Börkur sér nú til ferða Gísla og Þórðar og fer á eftir þeim.
- Þegar Þórður sér Bök og fylgdarlið hans hleypur hann af sleðanum og til skógar.
- Börkur heldur að þetta sé Gísli og lætur alla nema Þorodd og Saka-Stein elta Þórð.



20. kafli



- Þorgrímur Austmaður, einn af mönnum Barkar, skýtur spjóti milli herða Þórðar þannig að hann deyr en þegar þeir koma að líkinu og taka hettuna af sjá þeir að þarna er Þórður en ekki Gísli.
- Þóroddur og Saka-Steinn voru sendir á eftir Gísla því menn héldu að hann væri Þórður.




20. kafli

- Annar þeirra bræðra kastar spjóti á eftir Gísla en hann grípur það og skýtur því í gegnum Þórodd miðjan.
- Saka-Steinn fer og finnur sína menn og Börkur vill fara og leita að Gísla.
- Þorgrímur Austmaður sér limgerði í skóginum hreyfast og skýtur spjóti í kálfann á Gísla en Gísli sendir spjótið til baka og í gegnum Þorgrím.



20. kafli

- Þegar þeir finna Gísla ekki fer Börkur og býr mál á hendur honum vegna vígs Þorgríms goða.
- Gísli flytur í Geirþjófsfjörð á skipi með allan fjárhlut sinn ásamt Auði og Guðríði.




20. kafli

- Á leiðinni koma þau við á Húsanesi. Þegar Gísli er spurður að nafni segir hann það sem honum sýnist. Hann kastar hins vegar grjóti út í hólma og segir að verði spurt hver þar hafi verið á ferð eigi viðkomandi að segja frá þessu afreki og þá viti allir hver hann er.
- Gísli er í Geirþjófsfirði um veturinn.




21. kafli

- Gísli biður móðurbræður Auðar að tala máli sínu á þingi og reyna að koma í veg fyrir að hann verði dæmdur.
- Þeim mistekst og fá Þorkel auðga til að tilkynna Gísla að hann hafi verið dæmdur.
- Þorkell auðgi og Þorkell Eiríksson segjast báðir vilja veita Gísla takmarkaða aðstoð.




21. kafli

- Næstu þrjá vetur er Gísli til skiptis hjá Þorkatli Eiríkssyni og í Geirþjófsfirði.
- Næstu þrjá vetur þar á eftir ferðast Gísli um landið og leitar liðsinnis höfðingja. Galdur Þorgríms nefs kemur í veg fyrir að sú aðstoð sem menn eru tilbúnir að veita Gísla nýtist vel.
- Eftir þetta var Gísli ýmist hjá Auði í Geirþjófsfirði eða í fylgsnum sem hann gerði sér norðan við ána og í kleifunum.



22. kafli

- Borkur býður Eyjólfvi gráa þrjú hundruð silfurs fyrir að ná Gísla og drepa hann.
- Eyjólfur grái sendir Njósna-Helga í Geirþjófsfjörð að leita Gísla
- Helgi verður var við mannaferðir og lætur Eyjólf vita.
- Eyjólfur fer með sex manna lið út í Geirþjófsfjörð en finnur Gísla ekki.



22. kafli

- Vitrir menn sammála um að Gísli hafi gengið lengst allra manna í sekt annar en Grettir Ásmundarson.
- Gísli lætur illa í svefni og þegar hann vaknar spyr Auður hann hvað hann hafi dreymt.
- Gísli segir henni frá draumkonum sínum tveimur.




22. kafli

- Góða draumkonan huggar hann en vonða draumkonan segir honum ýmislengt sem honum finnst verra.
- Hann segir frá draumi þar sem hann gengur inn í skála þar sem margir frændur og vinir sitja. Í skálanum loga 7 eldar, sumir bjartir en aðrir brunnir.



22. kafli




- Í draumnum kemur góða draumkonan inn í skálann til Gísla og segir honum að eldarnir tákni þau ár sem hann á eftir ólifað. Hún segir honum einnig að þar muni hann vera eftir dauðann ef hann hann láti af fornum siðum og verði góður við þá sem minna mega sín.



23. kafli




- Nú er Börkur farinn að þrýsta á Eyjólf að hann vinni fyrir launum sínum og nái Gísla.
- Eyjólfur sendir Njósna-Helga aftur í Geirþjófsfjörð og nú var hann útbúinn þannig að hann gæti verið þar í viku.
- Þegar Njósna-Helgi hafði orðið var við Gísla lét hann Eyjólf vita.



23. kafli

- Eyjólfur fór með níunda mann út í Geirþjófsfjörð en fann ekki Gísla.
- Hann reyndi þá að fá Auði til að segja til hans en þegar hún neitaði hótaði hann henni meiðingum.
- Ferðin þótti hin hæðilegasta.
- Gísli veit að þó hann hafi ekki fundist í þetta sinn þá verði hann að finna einhver ráð til að verjast.




23. kafli

- Gísli hittir Þorkel og spyr hvað hann vilji gera fyrir hann en Þorkell býður honum silfur eða fararskjóta.
- Þorkell lætur Gísla fá vaðmál og silfur en Gísli er óánægður með stuðning þann sem Þorkell veitir honum.
- Gísli fer og hittir Þorgerði, móður Gests Oddleifssonar og hún hýsti oft brotamenn.



23. kafli




- Þorgerður afsakar sitt framlag og talar um kvenvælar einar.
- Gísli segir karlmenn ekki hafa reynst sér svo vel að það sé vonlaust að konur geti reynst honum betur.
- Gísli er hjá Þorgerði um veturinn.



24. kafli

- Gísli fer aftur til Auðar í Geirþjófsfjörð um vorið.
- Vonda draumkonan birtist Gísla nú æ oftar í draumi og atar hann gjarnan blóði.
- Gísli fer aftur til Þorgerðar og er hjá henni annan vetur. Um sumarið fer hann svo aftur í Geirþjófsfjörð.



24. kafli




- Um haustið fer Gísli enn einu sinni á fund Þorkels bróður síns en nú kemur hann ekki út fyrr en Gísli hefur kastað kefli með rúnalettri inn í bæinn.
- Gísli segir þetta síðasta sinn sem hann biður Þorkel um eitthvað og Þorkell býður honum skip eða hesta.



24. kafli

- Gísli þiggur skip af Þorkeli.
- Þegar Gísli er kominn út í skipið segir hann við Þorkel: "Nú þykist þú öllum fótum á etu standa og vera vinur margra höfðingja og uggir nú ekki að þér en ég er sekur og hef ég mikinn fjandskap margra manna. En það kann ég þér að segja að þú munt þó fyrr drepinn en ég."




24. kafli

- Þorkell bregst illa við og segist ekki hirta um spár Gísla.
- Gísli siglir út í Hergilsey og þegar hann er þangað kominn tekur hann allt lauslegt úr skipinu, hvolfir því og lætur það reka til hafs.
- Í Helrgilsey bjó Ingjaldur, frændi Gísla, Þorgerður kona hans. Þau bjóða Gísla að vera.




25. kafli

- Heimilisfólk í Ingjalds var auk konu hans þrællinn Svartur, ambáttin Bóthildur og sonurinn Helgi sem var afglapi sem mestur mátti vera.
- Helgi eða Ingjaldsfíflið beit gras úti á túni.
- Gísli borgaði fyrir sig með því að smíða skip og marga fleiri hluti handa Ingjalddi.



25. kafli




- Talið er að Ingjaldur hafi getað hjálpað Gísla meira en aðrir því seiður Þorgríms nefis hafi ekki náð út í eyjarnar umhverfis Ísland.
- Smíðagripirnir sem Gísli smíðaði handa Ingjaldi komu upp um veru hans í Hergilsey.



25. kafli

- Enn er Njósna-Helgi sendur af stað og nú út í Hergilsey.
- Ingjaldur og Þorgerður tóku vel á móti Helga en Gísli var í jarðhýsi á meðan hann var í Hergilsey.
- Morgunin eftir að Helgi kom í Hergilsey bauð Ingjaldur honum með sér út að veiða.



25. kafli



- Njósna-Helgi þóttist svo veikur að hann gæti ekki farið.
- Um morguninn njósnaði hann og sá að manni var borinn matur.
- Þegar Ingjaldur kom heim um kvöldið þóttist Helgi orðinn góður og lét sigla með sig í land morguninn eftir.



25. kafli



- Njósna-Helgi segir frá því að líklegast sé Gísli í eygni.
- Börkur leggur af stað með 15 manna lið út í Hergilsey.
- Gísli og Ingjaldur voru farnir til veiða á einu skipi en Bóthildur og Svartur á öðru skipi.




26. kafli

- Ingjaldur sér skip Barkar nálgast þegar hann er á veiðum með Gísla.
- Gísli spyr Ingjald hvað hann vilji taka til ráða: "ég vil vita hvort þú ert svo hygginn sem þú ert drengurinn góður."
- Ingjaldur vill róa með Gísla út í Vaðsteinaberg og verjast þar með honum gegn 15 manna liði Barkar.




26. kafli

- Nú fór sem mig varði að þú myndir hitta það ráðið að þú mættir drengurinn af verða sem bestur; en verri laun sel ég þér þá fyrir liðveisluna en ég hafði ætlað ef þú skalt fyrir mínar sakir lífið láta."




26. kafli

- Gísli stingur upp á því að hann skipti um föt við þrælinn Svart og fari yfir í bátinn til Bóthildar.
- Bóthildur og Gísli róa í land en Svartur og Ingjaldur út í Hergilsey.
- Þegar Bóthildur mætir Berki spyr hann um mannaferðir og hún segist halda að þrællinn sé í bátinum með Ingjalði en Börkur dregur þá ályktun að þar sé Gísli.



26. kafli



- Gísli lætur mjög dólgslega í bátnum hjá Bóthildi og Börkur og hans menn halda að hún sé með Ingjaldsfíflið innan borðs.
- Þegar Börkur kemur út í Hergilsey er Ingjaldur kominn upp á Vaðsteinaberg ásamt Svarti.



26. kafli




- Þegar Börkur áttar sig á því að Ingjaldur hefur leikið á hann reiðist hann og segir að réttast væri að hann dræpi Ingjald þar sem hann hafi leynt bróðurbanda hans. Ingjaldur svarar: "Ég hef vond klæði og hryggir mig ekki þó ég slíti þeim ekki gerr."



26. kafli

- Menn telja að Gísli hafi getað verið lengst í Hergilsey af því að seiður Þorgríms nefns hafi ekki náð út í eyjarnar umhverfis landið.




27. kafli

- Börkur og hans menn leita að Gísla í Hergilsey og þegar þeir sjá Helga Ingjaldsson (Ingjaldsfíflíð) bíta gras úti á túni sjá þeir að leikið hefur verið á þá.
- Þeir róa á eftir Gísla og Bóthildi og það dregur saman með þeim þar sem Gísli og Bóthildur voru tvö en þeir voru fimmtán.
- Þegar þau eru skammt undan landi hleypur Gísli af bátinum í hamraskarð og afhendir Bóthildi gullhringi að skilnaði og segir henni að kaupa sér og Svarti frelsi.



27. kafli



- Saka-Steinn er fyrstur af mönnum Barkar að elta Gísla en Gísli bíður hans og þegar hann kemur fyrir hamarinn heggur Gísli Saka-Stein í herðar niður.
- Gísli kastar sér til sunds til að synda í land en Börkur kastar spjóti á eftir honum og kemr það í kálfann á Gísla.



27. kafli




- Gísli nær spjótinu úr sárinu en týnir sverði sínu á sundinu.
- Gísli kemst í land og hleypur til skógar og nær að fela sig þar en hann er umkringdur af mönnum Barkar.
- Hann kemst að bæ sem heitir Haugur en þar búa hjónin Refur og Álfdí.




27. kafli

- Refur vill veita Gísla húsaskjól og fela hann fyrir Berki.
- Gísla er komið fyrir í rúmi Álfdísar, sem var mikil skapkona og síðan leggst Álfdís ofan á hann.
- Þegar Börkur og fylgdarlið kemur að Haugi býður Refur þeim að leita eins og þeir vilja en þegar þeir nálgast rúm Álfdísar ærist hún og hrekur þá í burtu.



27. kafli

- Gísli dvelur í hálfan mánuð á Haugi en eftir það fer hann til Auðar konu sinnar.



28. kafli



- Nú undirbúa menn sig fyrir Þorskafjarðarþing. Þar á meðal var Gestur Oddleifsson, Þorkell Súrsson, Börkur og Hallbjörn göngumaður.
- Tveir drengir bregða sér á eintal við Gest og fá svo far með honum á þingið.



28. kafli




- Drengirnir heita Helgi og Bergur og eru Vésteinssynir.
- Þér fá búðarrúm í búð Hallbjarnar og hann sýnir þeim ýmislegt á þinginu. Hann bendir þeim m.a. á helstu höfðingja, þar á meðal Þorkel og Gest.



28. kafli

- Þegar Þorkell kemur til þingsins er hann skrautbúinn og hann situr og horfir á aðra menn reisa búðina fyrir sig.
- Helgi og Bergur ganga til Þorkels og dást að því hvernig hann er búinn.
- Þeir biðja hann að sýna sér sverðið sitt og hann réttir þeim það.




28. kafli

- Þegar þeir bregða sverðinu segist Þorkell ekki hafa leyft það en þeir höggva af honum höfuðið.
- Eftir vígið fara strákarnir en hópur manns safnast fyrir í kringum Þorkel.
- Strákarnir mæta Berki og hann spyr þá hvað gangi á hjá Þorkeli og þá segir yngri strákurinn (Helgi): "Eigi veit ég hvað þeir þinga en það hygg ég að þeir þræti um hvort Vésteinn hefði átt eftir dætur einar eða hefði hann átt son nokkurn."




29. kafli

- Mennt á þinginu telja sig ekki þekkja strákana.
- Börkur telur sig vita að þarna hafi synir Vésteins verið á ferð vegna þess sem þeir sögðu en Gestur beinir athygli Barkar frá þeim og hvetur hann til að láta kyrrt liggja.
- Strákarnir fara í Geirþjófsfjörð og ætla að leita ráða hjá Auði, föðursystur sinni.



29. kafli

- Þegar Auður veit hvað þeir hafa gert sendir hún þá burt því hún veit að Gísli sættir sig ekki við gerðir þeirra og telur sig þurfa að hefna fyrir bróður sinn.
- Auður lætur bræðurna fá mat og sendir þá til Bjartmarssona.



30. kafli

- Þegar Auður hefur sent Helga og Bergur burtu fer hún og segir við Gísli að nú skipti máli hvernig hann bregðist við.
- Gísli segir strax að hann viti að hún ætli að segja sér víg Þorkels.
- Auður segir það rétt og jafnframt að Helgi og Bergur séu komnir til að leita hjálpar hjá þeim.



30. kafli

- Gísli stekkur til, bregður sverði og segir: "Ekki má ég það standast að sjá bróðurvana mína og vera ásamt við þá."
- Þegar Auður sér viðbrögð Gísla þá segir hún að hún hafi sent þá brott.
- Þegar Gísli heyrir það róast hann og segir að það sé best að þeir hittist ekki.



30. kafli

- Nú eru aðeins tveir vetur eftir af þeim sjö sem góða draumkonan hafði sagt Gísla að hann ætti eftir.
- Nú fara draumarnir að sækja að Gísla og birtist vonda draumkonan oftar.
- Eitt sinn kemur góða draumkonan til hans á gráum hesti og sýnir honum hús sem líkist meira höll. Hún segir honum að þangað muni hann fara eftir að hann andast.




31. kafli

- Nú er Njósna - Helgi sendur í Geirþjófsfjörð eina ferðina enn. Með honum fer maður sem heitir Hávarður og er frændi Gests Oddleifssonar.
- Eitt kvöldið sjá þeir eld í kleifunum þar sem Gísli hélt til og Helgi stingur upp á að þeir hlaði vörðu svo þeir finni staðinn aftur.



31. kafli

- Þegar þeir eru að hlaða vörðuna þykist Hávarður verða svo syfjaður að hann verði að leggja sig. Helgi hleður vörðuna á meðan.
- Þegar hann hefur lagt sig býður hann Helga að nú sé réttlátt að Helgi fái að leggja sig og sjálfur ætlar hann að halda áfram að hlaða vörðuna.



31. kafli

- Þegar Helgi er sofnaður dreifir Hallvarður úr vörðunni og tekur svo stórt grjót og grýtir því í jörðina rétt við höfuð Helga.
- Helga bregður illilega, stekkur á fætur og hleypur í burtu, svo hratt að Hávarður getur varla haldið í við hann.
- Helgi tekur ekki eftir því að varðan er horfin
- Helgi óttast að Gísli hafi kastað grjótinu.



31. kafli



- Helgi segir Eyjólfu að þeir hafi orðið varir við Gísla og Eyjólfur leggur strax af stað í Geirþjófsfjörð við tólfta mann.
- Þeir leita að vörðunni og þegar Eyjólfur spyr Hávarð segir hann líklegt að Gísli hafi orðið þeirra var og eyðilagt vörðuna.
- Eyjólfur fer í bæinn að hitta Auði.




31. kafli

- Eyjólfur býður Auði þrjú hundruð silfur og nýjan eiginmann ef hún segir til Gísla.
- Auður er treg til í fyrstu en biður svo um að fá að sjá sjóðinn.
- Þegar Guðríður heyrir þetta heldur hún að nú ætli Auður að svíkja Gísla og hún fer að gráta.



32. kafli



- Guðríður fer til Gísla og segir: "Fóstra mín er nú vitlaus orðin og vill svíkja þig."
- Gísli svarar: "Eigi mun mér það að fjörlesti verða að auður blekki mig."
- Þegar Guðríður kemur aftur inn hefur Eyjólfur talið allt silfrið fyrir Auði.



32. kafli




- Auður spyr þá hvort hún megi ekki gera það sem hún vill við silfrið.
- Eyjólfur játar því.
- Auður setur þá allt silfrið í poka, stendur upp og slær sjóðnum á nasir Eyjólfss þannig að hann fær blóðnasir og segir: "Haf nú þetta fyrir auðtryggi þína og hvert ógagn með. Engin von var þér þess að ég myndi selja bónda minn í hendur illmenni þínu. Haf þú þetta og með bæði skömm og klæki. Skaltu það muna vesall maður, meðan þú lifir að kona hefur barið þig."




32. kafli

- Eyjólfur ærist og segir: "Hafið hendur á hundinum og drepi þó að blauður sé."
- Hávarður bendir á að þessi för sé orðin nógu skammarleg þó menn láti Eyjólf ekki ná þessu fram.
- Mennt stöðvuðu Eyjólf og Auður gaf Hávarði figurgull að skilnaði.



32. kafli




- Hávarður fór til Gests Oddleifssonar og sagði skilið við Eyjólf og hans lið.
- Mönnum þótti þessi ferð Eyjólfs hin hæðilegasta og var Eyjólfur mjög óánægður með gang mála.



33. kafli

- Gísli heldur nú til í jarðhúsum sínum.
- Draumavetur hans eru nú allri liðnir.
- Kaflinn fjallar um drauma Gísla þ.e. hann segir Auði drauma sína. Hann dreymir verri draumkonuna, bardaga við Eyjólf o.fl.
- Gísli orðinn svo myrkfælinn að hann getur ekki verið einn.




34. kafli

- Gísli er nú heima allt sumarið og það er komið að síðustu sumarnóttinni.
- Gísli getur ekki sofið og vill fara í fylgsni sitt ásamt Auði og Guðríði.
- Á leiðinni út í fylgsnið ristir hann rúnir á kefli og tréspæninir falla til jarðar. Þetta veldur því að auðvelt er að rekja slóð þeirra.



34. kafli



- Þegar Gísli sofnar dreymir hann að fuglar, sem kallast læmingjar og eru alblóðugir, komi að húsinu og láti illa.
- Hann segir Auði draum sinn.
- Í sama bili heyra þau mannamál og er þar Eyjólfur kominn og hefur fylgt slóð þeirra að fylgsninu.



34. kafli



- Þau fara öll upp á kleifarnar þar sem vígi var best.
- Eyjólfur kallar til Gísla að hann láti ekki elta sig lengur sem huglausan mann.
- Gísli segist ekki fara lengra en hvetur Eyjólf til að sækja fyrstur að sér.



34. kafli

- Eyjólfur segir það ekki mál Gísla hvernig hann skipuleggur sókn sína.
- Eyjólfur hvetur Njósna-Helga til að fara fyrstur á móti Gísla.
- Helgi setur út á það að Eyjólfur skuli ætla að nota hann til að fara fyrstur en hann fer samt eftir að Eyjólfur hvetur hann. Hann fer samt fram á það að Eyjólfur fylgi fast á eftir honum nema hann sé ekki algerlega huglaus.



34. kafli

- Gísli var í gráum kufli, girður sverði og hann hafði öxi og skjöld.
- Helgi hleypur upp á kleifarnar til Gísla en Gísli tekur á móti honum og heggur hann í sundur í miðju þannig að báðir hlutar Helga féll niður kleifarnar.
- Eyjólfur fylgdi strax á eftir Helga en Auður tók á móti honum og barði hann með lurki.



34. kafli

- Eyjólfur féll ofan Kleifarnar undan högginu.
- Gísli mælti: "Það vissi ég fyrir löngu að ég var vel kvæntur en þó vissi ég eigi að ég væri svo vel kvæntur sem ég er. En minna lið veittir þú mér nú en þú mundir vilja eða þú ætlaðir þó að tilræðið væri gott því að eina leið mundu þeir nú hafa farið báðir."




35. kafli

- Tólf menn sækja nú að Gísla sem ver sig með grjóti og vopnum.
- Tveir menn eru settir í að halda Auði og Guðríði og þeir þóttu ekki öfundsverðir.
- Einn af mönnum Eyjólfss vill eignast Auði og vopn Gísla eftir hans dag en Gísli segir honum að taka þá vel á því hann sæmi hvorki vopnunum né konunni.




35. kafli

- Maðurinn leggur til Gísla með spjóti en Gísli heggur á móti af þvílíku afli að skaftið fer af spjóti mannsins og öxi Gísla brotnar.
- Gísli berst þá með sverðinu og er nú búinn að drepa fjóra menn.
- Eyjólfur hvetur sína menn en þá tekst Gísla að komast upp á Einhamar þannig að menn þurftu aftur að sækja að honum að neðan.



35. kafli




- Eyjólfur og menn hans örvænta þar sem fjórir eru dauðir, hinir mjög þreyttir og Gísli kominn upp á Einhamar.
- Eyjólfur lofar mönnum sínum miklum fríðindum ef þeir ná Gísla.




36. kafli

- Sá sem fyrstur sækir að Gísli á Einhamri heitir Sveinn og Gísli klýfir hann í herðar niður.
- Gísli mælti: "Það mundi ég vilja að þau þrjú hundruð silfurs er þú hefur tekið til höfuðs mér, skaltu hafa dýrast keypt og það mundi ég vilja að þú gæfir til þess önnur þrjú hundruð silfur að við hefðum aldrei fundist, og muntu taka svívirðing fyrir mannskaða."




36. kafli

- Nú sækja þeir að Gísla á tvo vegu og fylgdu Þórir og Þórður, frændur Eyjólfss honum fast eftir.
- Þeir sækja mjög fast að Gísla og særa hann en enginn var ósár í liði Eyjólfss.
- Þeir leggja til Gísla með spjótum þannig að iðrin falla út.



36. kafli



- Gísli sveipar þá að sér iðrunum og skyrtunni, bindur iðrin inni og fer með vísu.
- Því næst stekkur hann ofan af hamrinum og keyrir sverðið sitt í höfuðið á Þórði frænda Eyjólfss. Gísli klauf Þórð í beltisstað.




36. kafli

- Eftir þetta datt Gísli dauður niður og það þótti furðu sæta hve mörg sár hann hafði hlotið.
- Lík Gísla var dregið niður að sjó þar sem hann grafinn.
- Þar dó 6. maðurinn úr liði Eyjólfss af sárum sínu.
- Sjöundi maðurinn deyr þegar lið Eyjólfss kemur í Otradal.




36. kafli

- Áttundi maðurinn sem dó eftir þennan bardaga andaðist eftir að hafa legið í sárum í tólf mánuði.



37. kafli

- Eyjólfur fer og hittir Börk til að segja honum lát Gísla.
- Börkur biður Þórdísi að taka vel á móti Eyjólfvi og hún kys að gefa honum graut.
- Þegar Þórdís ber fram grautinn missir hún spónartrogið og þegar hún beygir sig sér hún sverð Gísla undir borðinu.



37. kafli




- Hún teygir sig í sverðið og stingur Eyjólf í lærið.
- Börkur snarar sverðinu af Þórdísi og býður Eyjólfi sjálfðæmi í málinu.
- Þórdís skilur við Börk.
- Eyjólfur unir illa við sína ferð.



38. kafli

- Synir Vésteins fara og hitta Gest Oddleifsson og biðja hann að koma sér úr landi ásamt Gunnhildi, móður þeirra, Auði, Guðríði og Ingjaldi.
- Þegar þau koma til Noregs fer Bergur í land til að útvega þeim búðarrúm.
- Bergur hittir mann sem spyr hann hverra manna hann er. Þegar hann segist sonur Vésteins er hann drepinn.



38. kafli

- Maðurinn sem hann hittir þarna er Ari Súrsson og hann hefnir þarna fyrir Þorkel bróður sinn.
- Helgi fer til Grænlands og týnist þar í veiðiför.
- Auður og Gunnhildur fara til Danmerkur og taka þar trú.
- Geirmundur kvænist í Noregi og Guðríður giftist sömuleiðis í Noregi.

